

Nd. 701. Frumvarp til laga

um fóðurtryggingarsjóði.

Flm.: Páll Zóphóniasson og Bjarni Ásgeirsson

1. gr.

Ríkissjóður skal leggja fram allt að 75 þús. krónur árlega til fóðurtryggingarsjóða samkvæmt lögum þessum.

Í byrjun hvers árs skal reikna út, hvernig skipta beri 75000 króna framlagi

milli sýslufélaga í réttu hlutfalli við búfjáreign framteljenda í hverri sýslu. Í reglugerð skal ákveða, hvernig búféð skuli lagt í einingar, til að skipta fénu eftir. Strax og skipting hefir farið fram, skal tilkynna oddvitum sýslunefnda, hver sé hlutur hvernar sýslu á yfirstandandi ári.

2. gr.

Sýslunefndir geta stofnað fóðurtryggingarsjóði eftir því, sem ákveðið er í lögum þessum.

Þegar stofna skal fóðurtryggingarsjóð í sýslufélagi, skal gerð um það samþykkt á sýslunefndarfundum, og er hún gild, ef meiri hluti sýslunefndar samþykkir hana. Í henni skal ákveða, á hvern hátt afla skuli fjár í fóðurtryggingarsjóð, og má ákveða að jafna því að nokkru eða öllu leyti niður á búfjáreignendur eftir sama mælikvarða og framlagi rikissjóðs samkvæmt 1. gr.

Eftir að sýslunefnd hefir gert samþykkt um stofnun fóðurtryggingarsjóðs, skal bera hana undir atkvæði þeirra, er gjaldskyldir eru til sjóðsins samkvæmt samþykkt sýslunefndar.

Skal það gert á fundum í hreppunum, og skulu þeir haldnir áður en sex vikur eru liðnar frá því samþykktin var gerð á sýslufundi.

3. gr.

Heimilt er þeim hreppum, þar sem eru starfandi fóðurbirgðafélög, að vera utan þátttöku í stofnun fóðurtryggingarsjóðs, enda tilkynni þau oddvita sýslunefndar ákvörðun sína eigi síðar en 4 vikur frá því sýslunefnd hefir samþykkt stofnun fóðurtryggingarsjóðs.

4. gr.

Nú hefir frumvarp sýslunefndar um stofnun fóðurtryggingarsjóðs verið samþykkt af meiri hluta þeirra hreppsfélaga, sem ekki hafa lýst því yfir samkvæmt 3. gr., að þau vilji ekki taka þátt í sjóðsmynduninni, og er þá fóðurtryggingarsjóður löglega stofnaður í viðkomandi sýslu.

5. gr.

Nú er fóðurtryggingarsjóður löglega stofnaður samkvæmt 2., 3. og 4. gr., og á hann þá rétt á að fá framlag úr rikissjóði til fóðurtryggingarsjóðs sýslunnar, í hlutfalli við búfjárfjölda þeirra, er þátt taka í starfsemi þessari innan sýslunnar, enda sé lagt að minnsta kosti jafnt framlag á móti.

6. gr.

Stjórn hvers fóðurtryggingarsjóðs skal skipuð þrem mönnum. Kys sýslunefnd tvo, en sá þriðji skal skipaður af landbúnaðarráðherra, og er hann formaður.

7. gr.

Sýslunefnd ákveður innheimtumenn sjóðsgjalda, og má fela það oddvitum hreppanna. Innheimtumenn afhenda sjóðstjórninni sjóðinn, og skal hún sjá

um, að hann sé ávaxtaður á tryggan hátt, og aldrei má festa sjóðinn þannig, að hann sé ekki handbær á hverju bausti.

Reikningsár fóðurtryggingarsjóða sé miðað við 1. sept. Sjóðstjórnir semja reikninga fóðurtryggingarsjóða og senda þá til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. nóv., og skulu þeir endurskoðaðir með landsreikningunum.

8. gr.

Stjórnir fóðurtryggingarsjóða skulu á hverju bausti afla sér glöggs yfirlits um ásetning, hver í sinu umdæmi. Sé nokkur ástæða til að ætla, að einhverja búfjáreigendur innan umdæmisins skorti fóður handa húfé sinu á komandi vetri, skal sjóðstjórnin verja sjóðnum til kaupa fóðurbætis, og geyma hann á þeim stöðum í sýslunni, sem hagkvæmast er fyrir búfjáreigendur.

9. gr.

Þegar fóðurskortur verður, úthlutar sjóðstjórnin fóðurbæti til þeirra hreppa, sem verst eru staddir. Þessi úthlutun fer fram eftir umsögnum forðagæzlumanna, og sjá hreppsnefndir um úthlutunina, hver innan síns hrepps. Fóðurbætirinn skal lánaður vaxtalaust, en sjá skal hreppsnefnd um fulla greiðslu á andvirði hans, eigi síðar en 14. ágúst sumarið eftir að fóðurbætirinn var lánaður.

10. gr.

Nú verður almennur fóðurskortur vegna óviðráðanlegra orsaka, svo sem mjög lélegrar sprettu, afleitrar nýtingar heyja eða mikilla vetrarharðinda, og er þá sjóðstjórninni heimilt að láta nokkuð af fóðurforða sjóðsins endurgjaldslaust til þeirra bænda, af þeim sem vantar fóður, sem verst eru staddir efnalega.

Á sama hátt má bæta tjón á fódri, sem einstakir bændur verða fyrir, svo sem ef hey brenna, ef vatn eyðir heyi o. fl. Þó má aldrei bæta þann skaða meira en að $\frac{1}{5}$ hluta, að dómi forðagæzlumanna og hreppsnefndar, og því aðeins, að minnst $\frac{1}{3}$ heildarforðans hafi eyðilagzt.

Aldrei má þó verja meira en hálfum höfuðstól sjóðsins til styrktar samkvæmt þessari grein.

11. gr.

Atvinnumálaráðuneytið (landbúnaðarráðherra) skal semja fyrirmynd að samþykkt fyrir fóðurtryggingarsjóði sýslufélaganna.

Sýslunefndir setja fóðurtryggingarsjóðum samþykktir, sem skulu vera í samræmi við fyrirmynd ráðuneytisins, og senda þær síðan ráðuneytinu til staðfestingar.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1936.

Greinargerð.

Eitthvert alvarlegasta bøl landbúnaðarins er slæmur ásetningur. Af honum leiðir vanhöld á fénaði og afurðum hans.

Þetta hefir mörgum verið ljóst, og löggjafar þjóðarinnar hafa margoft reynt að gera ráðstafanir, sem tryggja beztan ásetning. Forðagæzlulögin, lög um samþykktir heyforðabúra og kornforðabúra, svo og IV. kafli húfjarræktarlaganna um fóðurbirgðafélög, eru m. a. öll til þessa sett.

En reynslan sýnir, að þetta er ónóg. Fóðurbirgðafélög eru nú í 18 hreppum, kornforðabúr í 5 eða 6 og heyforðabúr í fáum.

Í þeim hreppum, sem fóðurbirgðafélögin hafa starfað lengst í, er þessum málum nú komið í gott horf. Þar er ásetningur að haustinu góður, og þá til varaforði, ef óvenjuleg harðindi ber að höndum.

Viða annarsstaðar er ásetningur góður, miðað við meðalvetur, en mjög óviða er til nokkur sameiginlegur varaforði, sem gripa má til, ef harðindi ber að höndum. Þó eru til sjóðir í 4—5 hreppum, sem engin félög eru í, sem notaðir eru til kaupa á varafóðurforða að haustinu. En í langflestum hreppum landsins, eða um 88%, eru engar ráðstafanir gerðar til að afla varafóðurforða, sem til sé, ef harðindi ber að höndum, og í mörgum þeirra er ásetningur djárfur, þó miðað sé við meðalvetur.

Stofnun fóðurbirgðafélaga er vitanlega bezta og öruggasta leiðin til að tryggja ásetninginn, en eins og áður er sagt, eru þau fá enn. Þess vegna þykir nú rétt að reyna enn eina leið til að örva bændur til þess að tryggja sér varafóðurforða að haustinu, og jafnframt að létta undir með að koma honum upp. Er sú leið hér farin að styrkja að hálfu fóðurtryggingarsjóði, er upp komist í sýslunum. Það þótti að athuguðu máli réttara að láta starfsvið sjóðsins ná yfir sýslufélög en hreppsfélög. Bar það einkum til, að oft getur ástand verið misjafnt innan sama sýslufélags, og sameiginlegur sjóður þá komið að fullum notum, þó sjóður, sem bundinn væri við hreppinn, og því miklu minni, reyndist ófullnægjandi til bjargar. Má frá síðustu tveim árum finna mörg dæmi, sem sanna þetta.

Það nýmæli er enn í frumv. þessu, að heimilt er að láta nokkuð úr sjóðunum sem beinan styrk, þegar sérstaklega stendur á. Þó þetta hafi ekki áður verið í lögum, hafa oftast en einu sinni verið gefin eftir lán af hálfu þess opinbera, sem veitt hafa verið þegar sérstakt harðæri hefir borið að höndum, svo í rauninni er hér ekki um nýmæli að ræða, heldur aðeins lögfesting á venju, sem þegar hefir skapast.

Að öðru leyti verður gerð nánari grein fyrir frumvarpinu í framsögu.